

6. mars 2020

**Áríðandi tilkynning til íbúa, ættingja
og starfsfólks Hraunbúða
vegna sýkingar af völdum Kórónaveirunnar (COVID-19) á
Íslandi**

Stjórnendur Hraunbúða hafa tekið þá ákvörðun að loka hjúkrunarheimilinu fyrir heimsóknum ættingja og annarra gesta nema nauðsyn beri til frá og með 8.mars þar til annað verður formlega tilkynnt. Er þetta gert að höfðu samráði við Sóttvarnarlækni og Landlækni eftir að Neyðarstigi almannavarna var lýst yfir fyrr í dag. Hjúkrunarheimilið Hraunbúðir er hér að fylgja eindregnum tilmælum þessara aðila sem eru í framvarðasveit Almannavarna Íslands.

Heilsa og velferð íbúanna þarf alltaf að vera í forgangi!

Nú er staðfest að smit vegna Kórónaveirunnar hafa borist á milli einstaklinga í þjóðfélaginu. Þar sem íbúar Hraunbúða eru allir aldraðir og / eða með ýmsa undirliggjandi sjúkdóma eru þeir í sérstökum áhættuhóp tengt því að veikjast alvarlega af Kórónaveirunni. Þó ekki hafi enn verið staðfest smit í Vestmannaeyjum viljum við ekki taka neina áhættu þar sem íbúar í Vestmannaeyjum eru á faraldsfæti líkt og aðrir landsmenn. Við teljum betra að vera skrefi á undan veirunni en á eftir.

Leita þarf allra leiða til að draga úr þeirri hættu að íbúar Hraunbúða veikist af Kórónaveirunni. Okkur þykir mjög leitt að þurfa að taka svo stóra ákvörðun en þetta er gert með velferð íbúanna okkar í húfi og biðjum við fólk að sýna þessari ákvörðun virðingu og skilning. Það er ljóst að það getur reynst íbúa mjög erfitt að fá ekki heimsóknir frá ættingjum sínum og á sama hátt getur það reynst ættingjum íbúans mjög erfitt að heimsækja hann ekki. Það er samt nauðsynlegt að grípa til þessarra ráðstafana til að koma í veg fyrir að íbúi veikist af veirunni og eins geta smit borist frá ættingjum eins íbúa til annars íbúa.

Jafnframt verður umferð annara en starfsfólks á vakt, takmörkuð inn á Hraunbúðir eftir því sem við verður komið.

Einnig er mikilvægt að þið kynnið ykkur upplýsingar og leiðbeiningar á vef

Landlæknisembættisins www.landlaeknir.is Þar eru greinargóðar upplýsingar og leiðbeiningar tengdar stöðu málar, en þær geta breyst frá degi til dags.

Þar sem önnur þjónusta er einnig rekin frá Hraunbúðum, viljum við benda þeim sem eiga erindi við heimþjónustu, deildarstjóra í öldrunarmálum, hársnyrtingu eða fótaðgerðarstofu að hringja í viðkomandi aðila og fá upplýsingar eða senda tölvupóst

Tekin verður ákvörðun um starfsemi dagdvalar eigi síðar en á mánudagsmorgunn 9.mars

Hjúkrunarforstjóri s. 488 2606/488 2600 hjukrun@vestmannaeyjar.is

Vaktsími hjúkrunarfræðinga s. 488 2600 / 893 1384 vakt@vestmannaeyjar.is

Deildarstjóri öldrunarmála s. 488 2602 / 860 1030 hraunbudir@vestmannaeyjar.is

Heimþjónusta s. 488 2607 heimilishjalp@vestmannaeyjar.is

Dagdvöl s. 841 8881 dagdvol@vestmannaeyjar.is

Hársnyrtistofan Silver s.845 4550

Fótaaðgerðarstofa Anítu s. 869 0725

Við vonum að fólk sýni þessari ráðstöfun skilning og vonum einnig að þetta verði ekki langvarandi en staðan verður endurmetin daglega í samræmi við þróun mála.

Stjórnendur Hraunbúða